



## Fundur haldinn 11.06.2024

**Fundinn sátu:** Viktoría Unnur, Inga Rut, Soffía Dagbjört og Freyja. Alexandra, Guðrún Björk, Thelma Hrund og Ásta forfölluðust.

**Fundargerð ritaði;** Inga Rut

### Dagskrá;

Lok skólaársins og matskýrsla- endurmat teyma liggur ekki fyrir en er í vinnslu. Skýrslu verður skilað í lok mánaðar.

Litla upplestrarkeppnin -

Sumarhátíð - umræða um stöðvarnar, hvað var að virka vel, vantaði aðeins upp á- aðeins um rótleysi í byrjun. Tröllið sló í gegn, sáþukúlurnar og tröllalitirnir. Hefði verið sniðugt að útbúa kort fyrir stöðvarnar (hvar þær voru).

Skólaping 4ja bekkjar, verður haldið í dag.

Útskrift og skólaslit - Fimmtudagurinn 13. júní: 4. bekkur kl: 10:00, skólaslit kl: 11:00 og útskrift Spóabarna kl:13:00.

Umræða um umferðafræðslu sérstaklega fyrir elstu börnin í leikskólanum- kröftugur hópur þar sem er að fara af stað út í umferðina. Athuga hvort hægt sé að fá inn fræðslu frá Lögreglunni.

Næsta haust- blandaðir árgangar í leikskóla hlutanum. Kría/Lundi og Fjallafinka (3-4 ára), Ugla og Spói (4-5 ára). Umræða og vangaveltur um það.

Umræða um afmæli og boðskort sem börn og foreldrar hafa verið að setja í hólfi barnanna. Á þetta heima hér eða er þessu betur farið utan veggja skólans.

Ein ábending- upplýsingar frá skóla hafa verið að berast seint. Virkja þarf Facebook betur og senda með aðeins meiri fyrirvara.